



Radiant Health™ Færanleg innrauð sána

Inngangur

Öryggi

Vörulýsing

Yfirlit yfir einstaka hluta sánunnar

Samsetning og notkun

Ábyrgð

NOTENDAHANDBÓK

Inngangur

Til hamingju með nýju færanlegu sánuna þína. Þessi handbók inniheldur hagnýtar upplýsingar um samsetningu og notkun. Þú getur einnig farið inn á vefsíðuna okkar www.radianthealth.no og horft á stutt myndband með leiðbeiningum.

Hvað er innrauð sána?

Innrauð sána býr yfir hitagjöfum sem geisla frá sér innrauðum hita. Það er samskonar hiti og varðeldur, fólk og sólin gefa frá sér (ekki skal rugla því saman við útfjólubláa geisla). Hitinn smýgur djúpt inn í líkamann og og veitir margvíslegan heilsuávinning, s.s. aukið blóðflæði, afeitrun, verkjastillingu, hraðari efnaskipti, betri húð, meiri orku og dýpri svefn. Innrauð sána er frábrugðin hefðbundinni sánu sem einungis hitar loftið umhverfis líkamann. Innrauð geislu hefur bein áhrif á líkamann og hitinn nær 5 sinnum dýpra en við notkun hefðbundinnar sánu. Innrauð hitameðferð var fyrst þróuð í Japan árið 1965 og var notuð af japönskum læknum í meðhöndlunarskyni. Þegar einkaleyfið rann út var tæknin gerð aðgengileg til almennra nota. Á síðustu árum hefur hún verið notuð við ýmiss konar meðferðir, s.s. í innrauða sánu og hitakassa fyrir nýfædd börn.

Hvað er færanleg innrauð sána?

Færanlega innrauða sánan okkar er létt og þess vegna er þægilegt að taka hana með sér hvert sem maður fer. Hún nær 65 gráðum á Celsius á 5-10 mínútum og notar aðeins 0,9 kW á klukkustund. Hægt er að setja hana saman eða taka í sundur á einni mínútu og hún tekur minna en 1 m². Hún kemst fyrir hvar sem er á heimilinu og það þarf aðeins eina innstungu. Þú getur andað við venjulegan stofuhita þar sem sánan nær einungis utan um líkamann en höfuðið nær út fyrir. Sánurnar okkar eru svokallaðar FIR sánur (Far Infra Red) þar sem bylgjulengd þeirra er á bilinu 5-15 míkron. Það er á þessu bili sem líkaminn gefur frá sér innrauðan hita og getur betur tekið á móti hita utan frá, sem veitir besta mögulegan heilsuávinning.

Öryggi

Tæknilegt

Aldrei skal stinga sánunni í samband þegar hún er samanbrotin. Takið rafmagnssnúruna alltaf úr sambandi eftir notkun. Notið sánuna ekki nálægt vatni, s.s. við sturtu á baðherbergi, til að forðast rafstuð. Notið sánuna ekki ef skemmdir hafa orðið á rafmagnssnúrunni eða klónni. Aldrei skal leggja hitamottuna beint á gólfíð. Tryggja skal að sánan standi ávallt á hitapólnum fleti við notkun. Allar viðgerðir skal framkvæma hjá framleiðanda, viðurkenndum umboðsmanni eða fagmanni með sambærilega hæfni.

Læknisfræðilegt

Það er fullkomlega öruggt að nota innrauðu sánuna. Nauðsynlegt er þó að vera meðvitaður um nokkur atriði. Ef þú eyðir of miklum tíma í sánunni getur líkaminn ofhitnað sem getur leitt til ofþornunar. Eldra fólk og börn hafa meiri tilhneigingu til ofhitnunar. Þeir sem taka lyf sem koma í veg fyrir svitamyndun (s.s. beta-blokkara) eða glíma við veikindi sem orsaka ofurviðkvæmni fyrir hita ættu að ráðfæra sig við lækni áður en sánan er notuð. Þú getur notað sánuna þó þú sért með hjartasjúkdóm, þó ekki ef það felur í sér óreglulega hjartaöng, ef þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða ef þú ert með of háan blóðþrýsting sem ekki er fullkomin stjórn á með lyfjagjöf. Ekki skal nota sánuna á meðgöngu eða ef um hvers konar bráða sýkingu er að ræða og hita. Öruggt er að nota sánuna ef þú hefur undirgengist ígræðslu. Þetta á jafnt við um ígræðslur af læknisfræðilegum ástæðum, s.s. gervihn-jálið/mjöldm, og brjóstafyllingar. Ráðfærðu þig við lækni ef þú ert í óvissu um heilsufar þitt.

Stöðvaðu notkun sáunnar umsvifalaust ef þú finnur fyrir óþægindum, svima eða mikilli þreytu.


VÖRULÝSING

Vörulýsing

Stærð - samanbrotin	H96/103 x B10 x L80/85 cm
Stærð - uppsett	H96/103 x B70/80 x L80/85 cm
Nettóþyngd	5,5kg/ 6,5kg/ 7,5 kg
Tengibúnaður	Fjarstýring
Rafspenna	220V AC, 50Hz
Afl	900 W
Orkunotkun	0,9 kW/klst
Hitastig	65 °C (stillanlegt)
Bylgjulengd (FIR)	5 - 15 mikron
Fótaplata	3 hitastig
Tímastillir	5 - 60 mínútur
Vottanir	CE
Hitagjafi	Koltrefjar
Efni	Pólýester
Gerðir	Basic, Premium og Maxi

Yfirlit yfir einstaka hluta sáunnar

- A)** Op fyrir höfuð
- B)** Rennilás til að opna og loka sáunni
- C)** Rennilás til að opna fyrir hendur
- D)** Fjarstýring til að stilla hita og tíma
- E)** Fótaþlata með hitagjöfum.
(Maxi-gerðin er með eina aukahitaplötu)
- F)** Rafmagnsstjórnborð
- G)** Lok fyrir höfuðop (til að loka meðan verið er að hita sánuna upp)
- H)** Klappstóll
- I)** Bakhlið og hliðarveggir með hitagjöfum úr koltrefjum
- J)** Tvær stangir sem sánan er strengd yfir



Samsetning og notkun

ATH! Haldið sánunni í öruggri fjarlægð frá oddhvössum hlutum þegar breitt er úr henni til að forðast að rífa efnið.

- 1) Fjarlægjið umbúðirnar og losið burðarólina.
- 2) Leggið sánuna á gólfið og brettið hliðarveggina út.
- 3) Lokið rennilásnum frá bakhlið að framhlið og reisið sánuna við. Setjið svampdýnuna á gólf sáunnar.
- 4) Notið stöngina næst gólfinu til að strekkja sánuna á.
- 5) Setjið fótaplötuna ofan á svampdýnuna. (Í Maxi sánunni er auka plata staðsett á framhlið.)
- 6) Setjið klappstólinn innst í sánuna. Setjið stólinn ekki á fótaplötuna til að koma í veg fyrir skemmdir á hitagjöfum.
- 7) Sánan þín er nú tilbúin til notkunar. Skynsamlegt er að nota handklæði af hreinlætisástæðum. Eitt á gólfið, eitt á stólinn og eitt um hálsinn. Lokið öllum opum. Kveikið á sánunni með fjarstýrin gunni:
 - i. Ýtið á **ON/OFF** til að kveikja á sánunni.
 - ii. Ýtið á **FOOT** til að kveikja/slökkva á hitanum í fótaplötunni. (Hún hefur 3 hitastig sem hægt er að stilla með því að ýta einu sinni, tvisvar eða þrisvar á hnappinn. Þú getur einnig valið að hafa slökkt á henni.)
 - iii. Ýtið á **SET** og (↑) eða (↓) til að stilla hitastigið.
 - iv. Ýtið aftur á **SET** og (↑) eða (↓) til að stilla tímann.
- 8) Það tekur u.þ.b. 5-10 mínútur fyrir sánuna að ná 65 gráðum. Þegar þú situr á stólnum geturðu notað stöngina sem liggur hæst til að strekkja sánuna út í brjóst hæð.
- 9) ATH: Passaðu upp á að drekka nóg af vatni á meðan og eftir notkun. Ráðlagður tími er 30 mínútur þrisvar í viku en frjálst er að sitja lengur og oftar.

Eftir notkun:

- 10) Hafðu rennilásinn opinn til að lofta út úr sánunni.
- 11) Þú getur notað rakan klút til að hreinsa yfirborðið (ef þú notar handklæði meðan þú ert í sánunni er það óþarfi).
- 12) Taktu rafmagnssnúruna úr sambandi.
- 13) Ef þú vilt ekki skilja sánuna eftir samansetta er auðvelt að brjóta hana saman þannig að lítið fari fyrir henni í geymslu. Vertu viss um að hún hafi kólnað alveg niður áður.



ÁBYRGÐ

Ábyrgð

Radiant Health™ sánan þín er í tveggja ára takmarkaðri ábyrgð frá kaupdegi.

Ef bilun eða framleiðslugalli kemur í ljós á meðan varan er í ábyrgð er þjónusta og viðgerð kaupanda að kostnaðarlausu.

Seljandi áskilur sér rétt til að skipta út gallaðri vöru fyrir nýja í stað þess að gera við hana.

Sivilingeniør Njål Hansson A/S tryggir öruggan flutning vegna viðgerðar.

Ábyrgðin fellur niður ef í ljós kemur að bilun er afleiðing óheimilla breytinga/viðgerða eða rangrar notkunar.



www.radianthealth.no • post@radianthealth.no • sími: +47 90 95 47 23/ +47 22 67 29 50
Pósthólf: Sivilingeniør Njål Hansson AS, Postboks 6031 Etterstad, 0601 Oslo, Noregur
Heimilisfang: Sivilingeniør Njål Hansson AS, Tueteneveien 156, 0671 Oslo, Noregur